

Nd.

520. Nefndarálit

[97. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar, sem fjallar um fæðingarorlof, kom til nefndarinnar 28. mars og var þá þegar sent til umsagnar eftirtalinna aðila: A.S.Í., B.S.R.B., Tryggingastofnunar ríkisins, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. En frá Jafnréttisráði og Kvenréttindafélagi Íslands höfðu þá borist umsagnir.

Mjög margar athugasemdir hafa komið fram við frv. og tillögur um breytingar.

Sú veigamesta er mikil gagnrýni á greiðslutilhögun, sem nokkrir umsagnaraðila telja að muni skerða atvinnumöguleika foreldra, ef framkvæmd verður á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir, þar sem verulegur hluti greiðslna í fæðingarorlofi er greiddur af atvinnurekendum samkvæmt frv.

A.S.Í. hefur sett fram mjög umfangsmiklar breytingartillögur, sem byggjast á því að foreldri skuli eftir 10 mánuði í starfi halda fullum launum í fæðingarorlofi og skuli þau reiknuð út frá meðaltalstekjum síðustu 6 mánaða að teknu tilliti til kaupbreytinga á tímabilinu. Auk þess sem Tryggingastofnunin ber samkvæmt tillögum A.S.Í. að endurgreiða þennan launakostnað, þá endurgreiði hún atvinnurekendum 6% lífeyrissjóðsiðgjalda og 8½% af beinum launakostnaði vegna orlofs.

Erfitt er að sjá, hvað útgjöld lifeyristrygginga mundu aukast mikið ef farið yrði að tillögum A.S.Í., þar sem ekki er um staðlaðar greiðslur að ræða, heldur fæðingarorlof látið ráðast af meðaltalstekjum síðustu 6 mánuði hjá hverjum bótaþega. Ljóst er einnig, að ef farið yrði inn á þessa braut mundi það kalla á verulega aukningu starfsfólks hjá Tryggingastofnuninni, en sá kostnaðarþáttur liggur ekki heldur fyrir enn.

Í tillögum A.S.Í. koma ekki fram neinar tillögur um kostnaðarskiptingu að öðru leyti en því er að framan greinir, en útgjöld lifeyristrygginganna eru nú fjármögnuð á þann hátt, að ríkissjóður greiðir 86% og atvinnurekendur 14%. — Nefndin hefur ekki fengið neinar tillögur um kostnaðarskiptingu frá ríkisstjórninni í því efni, ef fallist yrði á tillögur A.S.Í., og því er óljóst hve stór hluti þessara greiðslna er ætlað að Tryggingastofnunin greiði. Einnig hefur nefndinni borist ósk félagsmálaráðherra um að nefndin haldi að sér höndum meðan verið sé að kanna útreikninga og ræða þessi mál við aðila vinnumarkaðarins.

Nefndin telur að margar skynsamlegar ábendingar, sem horfi til bóta, hafi komið fram hjá umsagnaraðilum — og gagnrýnin á greiðslutilhöggun hafi við viss rök að styðjast. Nefndin telur þó varhugavert að fara inn á þá braut, að greiðslur í fæðingarorlofi verði að verulegum hluta greiddar af Tryggingastofnun og framkvæmdin hvíli að mestu eða öllu leyti á henni, án þess að sett verði ákveðið hámark eða að einhverju leyti staðlaðar greiðslur í fæðingarorlofi.

Benda má einnig á, að í tillögum A.S.Í. hefur komið fram sú ósk, að inn í frv. um fæðingarorlof verði tekið leyfi foreldra frá störfum í allt að 15 daga vegna veikinda barna yngri en 10 ára og annarra þeirra tilvika sem fram koma í umsógn A.S.Í.

Í ljósi alls þessa og einkum að útreikningar um kostnað vegna tillagna A.S.Í. liggja ekki fyrir — og kostnaðarskipting vegna fæðingarorlofs er ekki ráðin, auk þess sem nauðsyn ber til að kanna ítarlega framkvæmdahlið tillagnanna sem að Tryggingastofnun ríkisins snýr, þá telur nefndin, með tilliti til þess, hve stuttur tími sé til þingslita, að rétt sé að endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga, sem samdi frv., verði fengið málið aftur og henni falið að samræma þær tillögur og umsagnir sem fram hafa komið í þessu máli.

Leggur nefndin áherslu á, að endurskoðunarnefndinni verði falið að hraða afgreiðslu þessa máls eins og kostur er og fullt samráð verði haft við aðila vinnumarkaðarins um lausn málsins, — einnig að lögín taki gildi eigi síðar en 1. janúar 1981, eins og ráðgert er í frumvarpinu.

Í trausti þessa leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 14. maí 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir,  
form., frsm.

Guðrún Helgadóttir.

Jóhann Einvarðsson,  
fundaskr.

Sigurlaug Bjarnadóttir.  
Guðm. G. Þórarinsson.

Jósef H. Þorgeirsson.

Pétur Sigurðsson.